

Tilkynning til embættis sérstaks saksóknara vegna meintra brota á 55. gr. bágildandi laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti, sbr. 13. gr. breytingarlaga nr. 31/2005 og 117. gr. nógildandi laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, og möguleg brot á 154. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög og 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 auk hugsanlegra brota á öðrum lögum.

Fjármálaeftirlitið kærði þann 1. október 2009 til embættis sérstaks saksóknara, sbr. 1. gr. laga nr. 135/2008 um embætti sérstaks saksóknara, fjármálafyrirtæki og fjölda starfsmanna þess vegna gruns um markaðsmisnotkun auk annarra tengdra brota í tengslum við víðskipti með hlutabréf útgefin af fjármálafyrirtækinu sjálfu.

Fjármálaeftirlitið álitur að um hafi verið að ræða umfangsmikla, ítrekaða, skipulagða og kerfisbundna markaðsmisnotkun sem hafi verið til þess fallin að skekkja eðlilega verðmyndum á umræddum hlutabréfum og gefa ranga mynd af framboði og eftirspurn hlutabréfanna. Hin meinta markaðsmisnotkun er talin hafa valdið gífurlegu tjóni.

117. gr. laga nr. 108/2007 fjallar um markaðsmisnotkun en með henni er m.a. átt við að:

1. eiga víðskipti eða gera tilboð sem:
 - a. gefa eða eru líkleg til að gefa framboð, eftirspurn eða verð fjármálagerninga ranglega eða misvísandi til kynna, eða
 - b. tryggja óeðlilegt verð eða búa til verð á einum eða fleirum fjármálagerningum, nema aðilinn sem átti víðskiptin eða gaf fyrirmæli um þau geti sýnt fram á að ástæður að baki þeim séu lögmætar og að víðskiptin eða fyrirmælin hafi verið í samræmi við viðurkennda markaðsframkvæmd á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði,
2. eiga víðskipti eða gera tilboð sem byggð eru á tilbúningi eða þar sem notuð eru einhver form blekkingar eða sýndarmennsku.

Þá er í sömu grein kveðið á um að fjármálafyrirtæki sé óheimilt að hafa milligöngu um verðbréfavíðskipti hafi starfsmenn þess vitneskju eða grun um að víðskiptin brjóti í bága við 1. mgr. greinarinnar og að hafi starfsmaður fjármálafyrirtækisins grun um brot gegn ákvæðum greinarinnar beri að tilkynna það yfirmanni eða regluverði og að tilkynna beri slíkan grun til Fjármálaeftirlitsins.

Í 1. mgr. 154. gr. laga nr. 2/1995 er að finna bann við markaðsmisnotkun þar sem m.a. er kveðið á um að það varði sektum eða fangelsi að bera út rangar frásagnir eða með öðrum samsvarandi hætti skapa rangar hugmyndir um hag hlutafélags eða annað er það varðar, þannig að það geti haft áhrif á sölu eða söluverð hluta í félaginu.

248. gr. almennra hegningarlaga fjallar um fjársvik. Þar kemur fram að það varði fangelsi ef maður kemur öðrum manni til að aðhafast eitthvað eða láta eitthvað ógert með því á ólögmætan hátt að vekja, styrkja eða hagnýta sér ranga eða óljósa hugmynd hans um einhver atvik, og hafa þannig fé af honum eða öðrum.

Með vísan til nefndra lagaákvæða og atvika málsins ákvað Fjármálaeftirlitið að vísa bæri málinu til sérstaks saksóknara.